

# Aðalfundur FÁSES 2020

## Fimmtudagur 8. október 2020 - Zoom fjarfundur

**Mætt:** Flosi Jón Ófeigsson, Laufey Helga Guðmundsdóttir, Sunna Mímisdóttir, Ísak Pálmason, Halla Ingvarsdóttir, Eyrún Ellý Valsdóttir, Steinunn Björk Bragadóttir, Eva Dögg Benediktsdóttir, Kristján Jóhannes Pétursson, Kristín K. Kristjánsdóttir, Gísli Ólason Kærnested, Þórunn Þórsdóttir, Guðmundur Már Ingimarsson, Reynir Þór Eggertsson, Ragna Gestsdóttir, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, Jóhannes Müllerlei, Heli Marjaana, Charles Gittins, Málfríður Harðardóttir, Anna Sigríður Hafliðadóttir, Katla Ásgeirsdóttir, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, Árný Eggertsdóttir, Jóna Dögg Smáradóttir, Hafliði Loftsson, Sólrún Ásta Steinsdóttir, Heiðrún Jóhannsdóttir og Raket Arnadóttir.

**Gestir:** Kevin Wilson og Örlygur Hnefill Örlygsson.

Fundur var settur kl. 20:05.

### Aðalfundur haldinn sem fjarfundur.

Flosi Jón Ófeigsson bauð fólk velkomið og setti fundinn. Hann útskýrði að vegna kórónuveirufaraldursins hafi stjórn ákveðið að halda þennan aðalfund í formi fjarfundar. Hann bað fundargesti að samþykkja að aðalfundurinn verði löglega haldinn sem fjarfundur í þetta sinn vegna aðstæðna. Þetta var samþykkt einróma.

Flosi fór yfir nokkur atriði sem gott er að hafa í huga á fjarfundum:

- Á meðan fundargestir væru ekki með orðið þyrftu þeir að slökkva á hljóðnemanum.
- Best væri að biðja um orðið með því að skrifa í spjallgluggann.
- Best væri ef allir gætu verið í mynd.

### Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Flosi lagði til að hann yrði sjálfur fundarstjóri og var það samþykkt. Hann lagði til að Laufey Helga Guðmundsdóttir yrði kosinn fundarritari og var það samþykkt.

### Skýrsla stjórnar kynnt og tekin til umræðu.

Flosi kynnti skýrslu stjórnar. Starfsárið var svo sannarlega undarlegt vegna kórónuveirufaraldursins og aflýsingu Eurovision 2020. Alls greiddu 328 félagar félagsgjöldin á síðasta starfsári en því miður voru viðburðir ekki eins margir en aldrei hefur verið eins mikið lagt í þá. Aðalfundurinn var haldinn í september 2019 og þar voru Flosi Jón Ófeigsson og Laufey Helga Guðmundsdóttir endurkjörin formaður og varaformaður FÁSES. Eyrún Ellý Valsdóttir og Steinunn Björk Bragadóttir voru kosnar í varastjórn. Gísli Ólason Kærnested og Eva Dögg Benediktsdóttur gengu úr stjórn og var þeim þakkað fyrir vel unnin störf. Á fundinum voru samþykktar breytingar á samþykktum FÁSES sem og viðmið um inngöngu útlendinga í FÁSES. Aðildarumsókn Mark Beatson var tekin fyrir og samþykkt. Hann er fyrstur útlendinga til að fá inngöngu í FÁSES samkvæmt breyttum samþykktum sem komið var á til að sporna gegn svokölluðum Eurovision miðatúrismi.

Í aðdraganda aðalkeppni Eurovision í Rotterdam 2020 úthlutaði FÁSES 37 félögum aðdáendapakka í gegnum OGAE International og næstum allir ætla að halda sínum miðum fyrir keppnina á næsta ári. Fyrsta árshátíð FÁSES var haldinn í nóvember 2019 og þar komu fram Hera Björk, Raket Pálsdóttir og Friðrik Agni fyrir troðfullu húsi í Stélinu. Flosi sendi árshátíðarnefndinni, Gísla Ólasyni Kærnested, Helenu Eydal og Steinþóru Þórisdóttur, hjartans þakki fyrir stórgóða skemmtun. Eurovision-barsvarið var á sínum stað á Kringlukránni milli jóla og nýárs í umsjón Charles Gittins og Sólrúnar Ástu Steinsdóttur. Halla Ingvarsdóttir hélt síðan vel utan um norðandeild FÁSES með allskonar hittingum.

Hápunktur starfsársins var Söngvakeppnishelgin síðustu helgina í febrúar. Haldið var Eurovision karaoke á Curious sá föstudeginum. Upphitun fyrir úrslit Söngvakeppninnar var á sínum stað fyrir Ölver. Júróklúbburinn 2020 í samstarfi við Pink Iceland & Saga Events, var haldinn í beinu framhaldi af úrslitum Söngvakeppninnar fyrir fullu húsi í lönó. Fram komu KEiiNO, Hera Björk, Regína Ósk og Gréta Salóme sem óvæntur gestur. Útvarpsmaðurinn Siggí Gunnars var kynnr og vinsælasti Eurovision plötusnúður í heimi, Dj Ohrmeister frá Þýskalandi, þeytti skíðum. Margir lifa enn á þessum viðburði enda sá síðasti sem haldinn var fyrir COVID.

Fréttabréfið kom í fyrsta skipti út eingöngu með rafrænum hætti í því sem átti að vera Eurovision vikan. FÁSES-liðar hittust síðan í partýstemningu á Zoom fjarfundi laugardagskvöldið 16. maí

Að lokinni yfirferð bauð Flosi fundargestum að bera upp spurningar eða athugasemdir. Fundargestir lýstu mikill ánægju með viðburði ársins, sérstaklega árshátíð og frábæra Söngvakeppnishelgi með stórglæsilegum Júróklúbbsi 2020. Stjórn og ritstjórn var einnig þakkað fyrir skemmtilega pistla á FÁSES.is.

### **Reikningar félagsins kynntir, teknir til umræðu og kosninga.**

Flosi bauð Ísaki Pálmasyni gjaldkera að kynna reikninga félagsins. Ísak fór yfir helstu þætti ársreikningsins. Rúmlega 32 þúsund kr. var eytt í aðalfund og Barsvar og viðburðir tengdir Söngvakeppninni kostuðu félagið 550 þúsund kr. Mikið var lagt í árshátíðina og ákvað stjórn að standa undir skemmtiatriðum, kostnaði við salarleigu og öðrum kostnaði hennar, samtals 469 þúsund kr. en félagar greiddu fyrir kvöldsnæðinginn. Félagsgjöld OGAE International eru um það bil 1 evra á hvern FÁSES féлага, í heild rúmlega 50 þúsund kr. FÁSES var rekið með um það bil 350 þúsund kr. tapi síðasta ár en það var mat stjórnar að eyða peningum í veglega viðburði. 250 félagar hafa greitt félagsgjöld fyrir starfsárið 2020-2021.

Ísak greindi frá því að skoðunarfulltrúarnir Daníel E. Arnarsson og Eva Dögg Benediktsdóttir hafi farið fyrir reikninga FÁSES og sagt reikninginn gefa glögga mynd af rekstri félagsins 2019-2020.

Að yfirferð lokinni þakkaði Flosi Ísaki fyrir og opnaði fyrir umræður. Fundargestir þökuðu gjaldkera fyrir vel unnin störf. Gjaldkeri var hvattur til að innheimta hjá FÁSES 23 þúsund kr. skuld sem er orðin þriggja ára gömul.

Flosi opnaði fyrir kosningu í gegnum Zoom þar sem ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum fundarستا.

### **Breytingar á samþykktum FÁSES.**

Flosi greindi frá því að samkvæmt 12. gr. samþykktu FÁSES skyldu allar tillögur að breytingum hafa borist stjórn eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Engar tillögur komu frá félögum og stjórn var heldur ekki með tillögur að breytingum á samþykktum FÁSES.

### **Kosning til stjórnar og skoðunarfulltrúa.**

Flosi greindi frá því að á þessum fundi yrði kjörið í eftirfarandi embætti:

- Gjaldkeri - kjör til tveggja ára
- Alþjóðafulltrúi - kjör til tveggja ára
- Kynningar- og viðburðarstjóri - kjör til tveggja ára
- 1. varamaður - kjör til eins árs
- 2. varamaður - kjör til eins árs
- Tveir skoðunarfulltrúar reikninga - kjör til eins árs

Þá fór fundarstjóri yfir þau framboð sem borist höfðu í stjórn:

Gjaldkeri: Ísak Pálmason

Alþjóðafulltrúi: Hildur Tryggvadóttir Flóvenz

Kynningar- og viðburðarstjóri: Þórunn Þórsdóttir

Þá kallaði fundarstjóri eftir fleiri framboðum. Engin önnur framboð komu fram. Ísak Pálmason (kt. 270491-2869), Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (kt. 240681-5529) og Þórunn Þórsdóttir (kt. 160785-2419) voru því réttkjörin í stjórn FÁSES. Nýkjörnir stjórnarmeðlimir kynntu sig. Flosi þakkaði Sunnu Mímisdóttur, Höllu Ingvarsdóttur og Eyrúnu Ellý Valsdóttur fyrir þeirra störf í þágu FÁSES.

Þá fór Flosi yfir þau framboð sem höfðu borist í varastjórn en það voru Heiður Dögg Sigmarsdóttir og Steinunn Björk Bragadóttir. Þá kallaði fundarstjóri eftir fleiri framboðum. Engin önnur framboð komu fram og voru Heiður og Steinunn því réttkjörnar varafulltrúar. Steinunn og Heiður kynntu sig.

Kosið var um tvo skoðunarfulltrúa reikninga til eins árs. Enginn framboð höfðu borist. Fundarstjóri kallaði eftir framboðum. Eva Dögg Benediksdóttir og Halla Ingvarsdóttur buðu sig fram og voru sjálfkjörnar.

Að lokum hvatti Flosi FÁSES-liða til að bjóða sig fram til stjórnar fyrir félagið enda myndist ekki skemmtilegri félagsskapur.

Í stjórn FÁSES eru því eftirfarandi fulltrúar:

Flosi Jón Ófeigsson, kt. 010684-2779  
Laufey Helga Guðmundsdóttir, kt. 040583-5649  
Ísak Pálmason, kt. 270491-2869  
Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, kt. 240681-5529  
Þórunn Þórsdóttir, kt. 160785-2419

Í varastjórn FÁSES eru eftirfarandi fulltrúar:

Heiður Dögg Sigmarsdóttir, kt. 300186-2629  
Steinunn Björk Bragadóttir, kt. 130386-2889

### **Aðildarumsókn skv. 3. málsl. 1. mgr. 3. gr. samþykkt FÁSES.**

Flosi kynnti aðildarumsókn frá einstaklingi sem ekki hefur íslenska kennitölu og rifjar upp að breytingar voru gerðar á samþykktum FÁSES til að sporna við Eurovision miðatúrismi. Nú þurfa einstaklingar að hafa íslenska kennitölu til að fá inngöngu í FÁSES. Þeir sem ekki hafa íslenska kennitölu þurfa að bera upp aðildarumsókn sína á aðalfundi.

Flosi gaf Laufeyju orðið sem útskýrði á ensku að á aðalfundi í fyrra voru samþykkt viðmið um yfirferð umsókna útlendinga um aðild að FÁSES. Við ákvörðun um inngöngu ætti aðalfundur að líta til eftirfarandi atriða:

- Af hverju viðkomandi óskar ekki eftir, eða getur ekki, verið meðlimur í OGAE klúbbi í landi þar sem hann býr eða OGAE Rest of the World.
- Hver tengsl viðkomandi eru við Eurovision á Íslandi, Söngvakeppnina og FÁSES.
- Hvort viðkomandi hafi sótt eða muni í framtíðinni sækja viðburði á vegum FÁSES og/eða Söngvakeppnina.

Flosi sagði að ein umsókn hafi borist frá Kevin Wilson frá Írlandi og bauð hann honum að kynna sig. Kevin kynnti sig og umsókn sína og sagði m.a. frá því að hann hafi reynt að sækja um aðild að Írska Eurovision klúbbnum en hann hafi ekki fengið svör.

Að yfirferð lokinni var opnað fyrir umræður en enginn kvaddi sér hljóðs. Flosi lagði aðildarumsókn Kevin Wilson undir fundinn með skoðanakönnun í gegnum Zoom en með fyrirkomulaginu var nafnleynd tryggð. Þar kusu 88% með aðild Kevin en 13% á móti. Aðildarumsókn Kevin Wilson var því samþykkt.

## **8. Önnur mál**

Flosi bauð Örlygi Hnefli Örlygssyni að fá orðið. Örlygur sagði frá stofnun Eurovision safnsins á Húsavík. Hann hefur fundað með framkvæmdastjóra og viðburðarstjóra EBU og RÚV og eru allir til í samstarf um safn. Ætlunin er að setja upp þrískipta sýningu; sýningu um íslensku Söngvakeppnina, sýningu um Eurovision og síðan litla sýningu um Eurovision: The Story of Fire Saga bíómyndina. Ætlunin er að opna safnið í Eurovision vikunni 2021. Örlygur segir frá því að reynt verði að fá keppendur og aðra tengda Eurovision til Húsavíkur, eins og t.d. Molly Sandén og Leslie Roy. Hafin er söfnun sýningargripa og komið á samstarf við Abba safnið í Stokkhólmi. Örlygur býður FÁSES-liðum að koma til Húsavíkur til að leggja verkefninu lið með sjálfböðavinnu. Tóku fundargestir vel í þessa hugmynd. Lögðu fundargestir til að Örlygur fengi heiðursaðild að FÁSES fyrir Eurovision slúðrið sem hann sagði fundinum frá og ekki er við hæfi að endurtaka í fundargerð aðalfundarins.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundið slitið kl. 21:15.

Eftir fundinn var spilað Eurovision Kahoot sem Sunna Mímisdóttir og Halla Ingvarsdóttir höfðu útbúið.